



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
b.t. Hildar Evu Sigurðardóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/1.54*  
*komudagur 19. 11. 2008*

Reykjavík, 18. nóvember 2008

***Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.  
136. löggjafarþing 2008-2009.  
Þskj. 43 - 43. mál.***

Vísað er til bréfs nefndarritara félags- og tryggingamálanefndar, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er fylgjandi efni tillögunnar, sem er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í þessum efnunum. Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur verið lögð áhersla á að fólki sé gert mögulegt að búa sem lengst á eigin heimili með aukinni aðstoð. Velferðarsvið telur jafnframt ljóst að bætt aðgengi í íbúðarhúsum sé til þess fallið að auka framboð þess húsnæðis sem fatlaðir, aldraðir og barnafólk getur notað. Opinber úttekt á mikilvægi þessa er að mati Velferðarsviðs mjög gagnleg.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

*Hjalti Halldórsson*  
Halldór Hjalti Halldórsson  
lögfræðingur